mitt snertir vantar margt af mínum beztu tréristum, sem eru löngu uppseldar, og plötur eru týndar eða eyðilagðar, og ég hafði ekki tíma til að leita slíkar myndir uppi, auk þess fjölda málmætinga og steinþrykkja. Um einkasýningar er því ekki að ræða innan ramma heildarsýningarinnar, heldur einungis um minningarsýningu á ágætu framlagi Jóns heitins Engilberts innan þessarar listgreinar. Rétt er það, að mismunun á framlagi hinna eldri og lifandi er aldeilis fráleit, en hér kemur einnig inn í myndina mismunandi framlag þeirra til þróunar listgreinarinnar hérlendis. T.d. varðandi stofnun félaga, kennslu, sýningar erlendis o.s.frv. og ber að harma, að hér kemur Einar Hákonarson og hlutur hans hvergi nærri.

Fyrsta grafík- félagið mun hafa verið það, er stofnað var 1954, en þó að félagið starfaði lítið, er framlag þess til viðgangs grafíklistinni mikið, þar eð það keypti til landsins ágæta steinþrykkpressu og marga litógrafíusteina og hefur hvort tveggja komið mikið við sögu grafíkþróunarinnar frá því að ég setti pressuna upp árið 1962. Meðal þeirra, sem þá unnu ötullega í grafík, voru þeir Jens Kristleifsson, Einar Hákonarson og Jón Reykdal, en þeir hafa skipst á formennsku innan núverandi grafík-félags og var Einar hinn fyrsti.

En fyrst var farið að kenna grafík hérlendis samfellt árið 1956 og skal ekki gleymt frumkvæði Lúðvíks heitins Guðmundssonar skólastjóra Handíðaskólans, er hafði fengið nafntogaðan þýzkan tréstungumann Hans Alexander Müller, til að hafa námskeið innan skólans árið 1952 og réð mig svo sem kennara 1956.

Er ég setti upp verkstæði til kennslu 1962, var ætlunin að auka tækjakost verkstæðisins með málmþrykkpressu og fullkomnari tréristupressu á næstu árum, en vegna mikilla vinsælda listgreinarinnar meðal nemanda var þetta ekki gert og engin slík pressa komst innfyrir dyr skólans, fyrr ein Einar kom heim frá námi og lánaði skólanum pressu, er hann hafði fest kaup á. Það olli miklu um viðgang listgreinarinnar hérlendis. Það var þannig sízt tekið út með sældinni að kenna listgreinina fyrstu árin, aðstæður lakar, efni af mjög skornum skammti og andóf af hálfu einstakra en áhrifaríkra kennara er þoldu ekki vinsældir listgreinarinnar.

Einstaklingar hafa þannig átt mestan þátt í þróun grafík-lista hérlendis, sumir með því að flytja inn í landið nauðsynleg tæki og aðrir með því að kenna á þau. Þannig er til komin sú samfellda þróun, er enn stendur yfir og er í jöfnum og örum vexti og við skulum vera þess fullviss, að grafíkin hafi nú endanlega haslað sér völl.

— Það er erfitt að listrýna sýningu þegar listrýnirinn er einn aðalþátttakandinn en auk þess sem fyrr er sagt um sýninguna vil ég að fram komi, að myndir hinna eldri, sem ég hafði ekki áður séð, komu mér ánægjulega á óvart og má þar nefna dúkristur Nínu Tryggvadóttur, steinþrykk Halldórs Péturssonar og Eggerts Guðmundssonar, messotintur Leifs Kaldals, æting/akvatintur Kristins Péturssonar, þurrnálarmyndir Björns Björnssonar og ætingar og þurrnál Guðmundar frá Miðdal. Þessir listamenn sýna allir hér sínar beztu hliðar. Fólk fer nærri um hug minn til mynda Jóns Engilberts og Barböru og geta vil ég dúkristna úr grafíkmöppu Nínu, Þorvalds og Valtýs

Hinir yngri standa sig vel og eru í stöðugri framsókn og þátttaka hinna yngstu lofar góðu.

Sýningin er hin áhugaverðasta í heild og mikill lærdómur fyrir þá er ekki kunna skil á listgreininni, — ætti ekki að þurfa að hvetja sem flesta að fjölmenna á þessa sýningu.

Úr raddleysinu í málverkið af krafti



Hallbjörg tekur lagið í Casa Nova við undirspil Jónatans: „Ég hef elskað þig frá okkar fyrstu kynnum". . .

Hallbjörg Bjarnadóttir og Fischer sýna í Casa Nova

listasprang

Eftir Árna Johnsen

„ÞETTA eru mín málverk, hér býr Hallbjörg Bjarnadóttir, ef það er þá hægt að kalla þetta málverk," sagði hin gamalkunna söngkona þegar blaðamenn Mbl. bar að garði í Casa Nova í MR þar sem hún var að hengja upp myndir sínar ásamt eiginmanni sínum, Fischer, sem einnig sýnir þar málverk eftir sig, en hann er kunnur teiknari. Sýning þeirra hjóna í Casa Nova verður opin til mánaðamóta.

Það var líf og fjör í kringum Hallbjörgu að vanda, íslenzkar fyrirmyndir í myndum hennar, sveit og sjór, Ísland málað í New York. Þar í borg tekur hún um þessar mundir þátt í hátíðarsýningu kvenna í tilefni kvennaárs og sýna þar 870 konur frá öllum löndum heims, en Hallbjörg er þar nr. 24 í skránni.

„Ég var í skemmtibransanum hér áður fyrr," sagði Hallbjörg þegar við tylltum okkur niður andartak, „og var búin ao skemmta æði víða þegar ég missti röddina fyrir 7 árum, allt í einu á skemmtun, allt búið og ég gat varla talað mælt mál. Þá tók ég upp á því að fara að mála. Þegar við bjuggum hér heima fyrrum, en nú höfum við búið í New York í 17 ár, teiknaði ég oft litlar stelpur og drap þannig tímann á meðan Fischer vann í apótekinu og oft teiknaði ég fólk í roki, mér líkaði það. Nú, en svo rukum við í rússið um allar trissur og þetta hefur allt átt að vera svona, því ef ég hefði ekki misst röddina hefði ég ekki byrjað að mála. Ég er hins vegar fegin að ég byrjaði ekki að mála fyrr, því þá hefði ég líklega lent í einhverjum stíl sem byggir á 7 augum, fjórum nefjum og runu af eyrum, einhverri bölvaðri vitleysu. Það er hins vegar veruleikinn sjálfur á bak við þessar myndir mínar sem ég sýni hér.



Hallbjörg við eina mynda sinna. Ljósmyndir Friðþjófur.

Héma t.d.," segir Hallbjörg og bendir á eina mynda sinna, „var ég lítil stelpa og fór með beljurnar hér yfir stíginn og ána og upp hér, hér var hlið að Einarsnestúni þar sem beljurnar voru grasaðar daglangt. Ég var 10 vikur að mála þessa mynd."

„Var það ekki bara trikk að missa röddina," skaut Pétur Péturssson útvarpsþulur inn í samtalið.

„Nei, ég get svo svarið það, en það var furðulegt að ég skyldi fá röddina aftur hægt og sígandi en nú er hún eins frísk og vera vill. Ég var einmitt að syngja á grískri hátíð í New York skömmu áður en við komum hingað heim. Fischer var þar við hraðteiknun, en ég söng nokkur negralög. Ég er farin að syngja negrasálma upp á síðkastið, en ég er alveg viss um að ég átti að missa röddina á tímabili

Framhald á bls. 20

17. júní 1976

Um leið og við óskum viðskiptavinum okkar og öllum landsmönnum heilla á þjóðhátíðardaginn 1976, viljum við sérstaklega minna á íslenska íþróttahreyfingu. Allt frá aldarafmæli Jóns Sigurðssonar 1911 til sjálfstæðisársins 1944 heiðruðu íþróttamenn minningu forsetans 17. júní ár hvert með íþróttahátíð, og enn eru íþróttamót snar þáttur hátíðarhalds þennan dag hvarvetna á landinu.

Styðjum íslenska Olympíuliðið

Merkið, sem hér birtist, fimm hringir brugðnir saman, er eins og flestir munu kannast við, tákn Ólympíuleikanna. Olympíunefnd gerði Sambandi íslenskra samvinnufélaga kost á að styrkja þátttöku íslendinga í Ólympíuleikjum þeim sem fram eiga að fara í Kanada nú í ár og hefjast eftir mánuð. Við óskum íslenskum íþróttamönnum þess, að þeir megi hljóta mikinn frama á þessum leikjum. Samvinnumenn telja sér heiður að því að mega styrkja þá til fararinnar, það hefur lengi verið einn þáttur menningarstarfsemi samvinnufélaganna að styðja íþróttastarfsemi með fjárframlögum, þar sem því verður við komið.

Starf samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi er órjúfanlega bundið framfara og frelsishugmyndum þjóðarinnar. Innlend verslun rekin með innlendu fjármagni í hverri byggð, þar sem heimamenn njóta sjálfir arðsins af viðskiptum sínum, er hvað traustastur hornsteinn íslensks sjálfstæðis. Frumhugmynd samvinnufélagsskaparins er, enn sem fyrr, fólgin í einföldum lausnarorðum forsetans mikla, sem dagurinn í dag er helgaður: „að hafa samtök" um hvaðeina, sem til framfara horfir fyrir þjóðina.

Með hlutdeild í samvinnufélagi eflið þér innlendan atvinnurekstur og hagkvæma verslun, sem rekin er með hag neytandans fyrir augum. Minnist þess, að í frjálsu þjóðfélagi eru samtök einstaklinganna það afl, sem mestu fær áorkað.

Auglýsingadeildin

SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA